

## ERINDISBRÉF

### héraðsdýralækna.

#### 1. gr.

Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi vinna að bættu heilsufari húsdýra og aukinni arðsemi þeirra. Með starfi sínu skulu þeir leitast við að girða fyrir hættur, sem stafað geta af sjúkum dýrum og neyzlu spilltra eða mengaðra búfjár-afurða. Þeir skulu sinna störfum sínum af árvekni og fyllstu samvirkusemi.

#### 2. gr.

Héraðsdýralæknar skulu hafa vakandi auga með smitsjúkdómum búfjár, sem upp kunna að koma í umdæminu, og gera yfirdýralækni viðvart strax og þeirra verður vart. Þeir skulu hafa með höndum eftirlit með smitsjúkdómum búfjár í umdæminu og gera skýrslu um þá í lok hvers mánaðar. Héraðsdýralæknar annast í samráði við yfirdýralækni þær opinberar framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru til að stöðva útbreiðslu sjúkdóma búfjár eða uppræta þá, eftir því sem lög og reglur mæla fyrir um.

Læknisaðgerðir á dýrum höldnum smitsjúkdómum, sem og aðgerðir til að greina þá skulu héraðsdýralæknar framkvæma eða segja fyrir um og stjórna.

#### 3. gr.

Héraðsdýralæknar annast heilbrigðiseftirlit með sláturpeningi og sláturafurðum, hver í sínu umdæmi, eftir því sem aðstæður leyfa og lög og reglur segja fyrir um. Þeir skulu stjórna og fylgjast með öðrum aðilum, sem hafa heilbrigðiseftirlit sláturfjár með höndum. Enn fremur skulu héraðsdýralæknar hafa vakandi eftirlit með útbúnaði, vinnubrögðum og þrifnaði í sláturhúsum, kjötvinnslustöðvum, meðferð og geymslu sláturafurða, flutningi á sláturafurðum o. s. frv., eins og lög og reglur segja fyrir um.

#### 4. gr.

Héraðsdýralæknar skulu með fræðslu og leiðbeiningum og á annan hátt leitast við að bæta þrifnað og hollustuhætti hjá þeim, sem framleiða sölumjólk. Árlega skulu þeir heimsækja mjólkurframleiðendur og líta eftir heilbrigði nautgripa, hirðingu þeirra og fóðrun. Enn fremur skulu þeir líta eftir þrifnaði í fjósum, mjólkurhúsum og búnaði öllum, sem að mjólkurframleiðslu lýtur. Héraðsdýralæknir skal afhenda umráðamönnum vottorð um eftirlit þetta, er gildi sem heimild til framleiðslu sölu-mjólkur, ef fært þykir. Þar sem mjólkurbú eru í umdæmi, skal dýralæknir fylgjast eftir föngum með þrifnaði, vinnubrögðum, hollustuháttum o. s. frv.

#### 5. gr.

Héraðsdýralæknar skulu daglega halda bækur um læknisaðgerðir, sjúkdóma og heilsufar búfjár, hver í sínu umdæmi. Þeir skulu halda saman öllum embættisbréfum og skeytum, sem þeim kunna að berast. Enn fremur afritum af embættisbréfum og skýrslum, sem þeir senda frá sér.

Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum skulu þeir halda til haga sem og öðrum opinberum skýrslum og gögnum, sem embættinu kunna að berast, og skila öllu í góðu ástandi í hendur eftirmanna sinna. Það sem á kann að skorta, er þeim skylt að útvega á sinn kostnað.

#### 6. gr.

Héraðsdýralæknar skulu gera skýrslur um búfjársjúkdóma í umdæminu, læknisaðgerðir og störf sín. Skýrslur skulu gerðar á eyðublöð, sem yfirdýralæknir lætur

af hendi. Öll gögn til skýrslugerðar og skýrslugerðina sjálfa skulu héraðsdýralæknar vanda svo sem kostur er. Skýrslur skulu gerðar í tvíriti, skal senda yfirdýralækni annað en embætti héraðsdýralæknis varðveita hitt. Skýrslur þær, sem hér um ræðir, eru eftirfarandi:

1. Mánaðarskýrslur um næma búfjársjúkdóma.
2. Yfirlitsskýrslur um skoðun á mjólkurkúm og fjósum.
3. Skýrslur um kjótskoðun.
4. Yfirlitsskýrslur um sauðfjárbaðanir (þar sem eftirlit er í höndum héraðsdýralækna).
5. Yfirlitsskýrslur um bólusetningu gegn garnaveiki.
6. Skýrslur um útflutning hrossa.
7. Ársskýsla um sjúkdóma og heilsufar búfjár.

Yfirdýralækni er heimilt að krefja héraðsdýralækna um fleiri skýrslur en hér eru taldar, ef ástæða og tilefni þykir til.

Yfirlitsskýrslur um heilsufar, sjúkdóma og læknisaðgerðir skulu berast yfirdýralækni ár hvert fyrir 15. febrúar.

#### 7. gr.

Héraðsdýralæknar stunda almennar lækningar á dýrum, hver í sínu umdæmi, og annast sölu og dreifingu lyfja fyrir dýr, samkvæmt gildandi lögum og reglum um sölu lyfja. Þeir eru skyldir til að gegna aðkallandi sjúkravitjunum, þegar þess er leitað, nema þeir séu sjálfir sjúkir eða hindraðir af öðrum meira aðkallandi embættisstörfum. Héraðsdýralæknum er skylt að gegna dýralæknisstörfum í nágrannaumdæmi, þar sem ekki er starfandi dýralæknir eða önnur nauðsyn krefur, ef ráðherra kveður svo á.

Með þátttöku í læknaverði, eða með samstarfi við nágrannalækni er héraðsdýralækni heimilt að undanþiggja sig gegningarskyldu á nánar tilteknum tímum, að fengnu samþykki yfirdýralæknis.

#### 8. gr.

Héraðsdýralæknar skulu jafnan sjá til þess, að sem auðveldast sé að komast að því, hvar þeir eru staddir fyrir þá, sem þurfa að leita þeirra í brýnum lækniserindum. Ef tveir eða fleiri vitja héraðsdýralæknis á sama tíma, metur hann að fengnum upplýsingum hver nauðsyn kallar í hverju tilfelli og gegnir fyrst því erindinu, sem minnsta bið þolir að hans dómi.

Héraðsdýralækni er ekki skylt að vitja sjúklings, sem annar dýralæknir hefur stundað, nema eftir ósk þess læknis eða í brýnni nauðsyn.

Héraðsdýralækni er heimilt að auglýsa, að beðið skuli um sjúkravitjanir eigi síðar en kl. 16.00 síðdegis. Þeir, sem óska sjúkravitjunar eftir þann tíma, eiga eigi heimtingu á henni fyrir en næsta dag, nema í aðkallandi nauðsyn.

Nú er héraðsdýralæknis vitjað úr öðru umdæmi af mjög brýnni og aðkallandi nauðsyn vegna þess að hægara er að ná til hans en hlutaðeigandi héraðsdýralæknis, og er honum þá skylt að sinna vitjun.

#### 9. gr.

Héraðsdýralæknir hefur samráð við yfirdýralækni um það, hvenær hann tekur sér lögmaett orlof. Nú forfallast héraðsdýralæknir á einhvern hátt um stundarsakir, og skal hann þá sjá héraðinu fyrir viðunandi dýralæknisþjónustu á meðan, ef unnt er, og tilkynna yfirdýralækni forföllin.

Héraðsdýralæknir, sem óskar eftir að víkja úr umdæmi sínu, án þess að um lögmaett orlof sé að ræða, skal leita samþykkis yfirdýralæknis með rúmum fyrirvara. Skal héraðsdýralæknir sinna starfi, unz tekizt hefur að sjá umdæminu fyrir viðhlítandi læknisþjónustu að mati yfirdýralæknis.

Héraðsdýralæknir má ekki án leyfis yfirdýralæknis vera fjarverandi úr umdæmi sínu lengur en 2 sólarhringa í senn, nema í embættiserindum.

#### 10. gr.

Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu héraði annast sölu lyfja fyrir dýr, samkvæmt lögum og reglum um sölu lyfja. Lyfjaverðið fer eftir ákvæðum lyfjaverðskrár.

Áhöldum sínum og útbúnaði skal héraðsdýralæknir halda vel við, svo að jafnan sé í nothæfu ástandi. Sama máli gegnir um áhöld og gögn ýmiss konar, sem embættinu kunna að fylgja, en eru í eign ríkisins.

#### 11. gr.

Héraðsdýralækni er heimilt á sinn kostnað og sína ábyrgð að ráða sér aðstoðardýralækni eða dýralæknanema til að gegna störfum með sér, enda komi til samþykki yfirdýralæknis.

Héraðsdýralækni er skylt að taka við skipun um að annast þjónustu í nágrenna-umdæmi gegn hálfum launum, ef ráðherra mælir svo fyrir.

Héraðsdýralækni er óheimilt, nema með sérstöku leyfi ráðherra og samþykki yfirdýralæknis, að takast á hendur önnur föst störf en þau, sem koma við embætti hans.

Skylt er héraðsdýralækni, eftir beiðni yfirdýralæknis, að gegna eftirlitsstörfum ýmiss konar, sem nauðsynlegt er að sinna í umdæminu, t. d. varðandi sæðingargestöðvar, einangrun innfluttra dýra og annað þess háttar, enda komi sérstök þóknun fyrir slík störf.

Héraðsdýralæknar skulu taka greiðslu fyrir störf sín og ferðir samkvæmt gjaldskrá, sem landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum stéttarfélags dýralækna. Er þeim óheimilt að taka hærri greiðslur fyrir störf sín heldur en tilgreint er í gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

#### 12. gr.

Héraðsdýralæknar skulu hafa vakandi auga með því í starfi sínu, að dýr sæti ekki ómannúðlegri meðferð. Þeir skulu hvetja menn til að sýna dýrum nærgætni í hvívetna svo þau þjáist ekki að óþörfu.

Sjálfir skulu þeir vera til fyrirmyndar í starfi sínu og umgengni við dýr.

#### 13. gr.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt lögum um dýralækna nr. 31 frá 5. maí 1970 og tekur gildi þegar í stað.

Þetta birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Reykjavík, 21. september 1971.

**Páll A. Pálsson.**  
yfirdýralæknir.

Erindisbréf þetta staðfestist hér með.

*Í landbúnaðarráðuneytinu, 21. september 1971.*

**Halldór E. Sigurðsson.**